

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2015

Mjólkuruppgjör ársins 2015 hefur ekki verið tekið til umfjöllunar og afgreiðslu hjá Samstarfsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands. Uppgjörið hefur því ekki verið sent Framkvæmdanefnd búvörusamninga og er þess vegna ekki samþykkt.

Árið 2015 var mjólkurframleiðsla samtals 146.071.178 lítrar, en greiðslumark ársins var 140.000.000 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 146.034.433 lítrum, þar af allri mjólk sem var framleidd umfram greiðslumarks samtals 6.053.594 lítrum. Við ákvörðun greiðslumarks var gert ráð fyrir að sala mjólkurafurða innanlands á fitugrunni yrði um 136.000.000 lítra en greiðslumark var ákveðið fjórum milljónum lítra hærra til að bæta birgðastöðu á fitugrunni.

Á verðlagsárinu 2015 nam útflutningur mjólkurafurða, af hálfu aðildarfélaga SAM, 1.490.873 kg af mjólkurvörum sem umreiknast samkvæmt ríkisstuðlum yfir í 9.459.853 lítra mjólkur á próteingrunni og 144.353 lítra á fitugrunni. Sundurgreindur útflutningur verðlagsársins í magni mjólkurvara og umreiknaður yfir í mjólk frá framleiðendum, var sem hér segir:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2015

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	986.139	43.694	3.559.378
Sýrðar vörur	7.507	3.307	9.854
Smjör	0	0	0
Ostar	2.327	21.491	16.230
Undanrennuduft	494.900	75.86	5.874.391
Samtals:	1.490.873	144.353	9.459.853

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, en Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur heimilað sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2015 var meiri en umframmjólk reiknað á próteingrunni, en reiknað á fitugrunni var útflutningur minni en umframmjólk. Við lokauppgjör mjólkur verðlagsárið 2015 þarf að flytja út meira á fitugrunni eða afla heimildar Framkvæmdanefndar búvöru til að markaðssetja hluta af umframmjólk, reiknað á fitugrunni, innanlands.

Samstarfsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands á eftir að afgreiða mjólkuruppgjör verðlagsársins 2015 og senda til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar.